



MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Drög að reglum um þóknun til höfunda vegna opinbers flutnings tónverka og bókmenntaverka við guðsþjónustur og aðrar kirkjulegar athafnir, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 21. gr. höfundalaga nr. 73/1972 voru kynnt í samráðsgátt stjórnvalda frá 10. febrúar til 25. febrúar 2021.

Tvær jákvæðar umsagnir bárust, frá réttthafasamtökunum STEFi og söngmálastjóra þjóðkirkjunnar þar sem undirstrikað var að drögin að reglunum hefðu verið unnar í góðu samstarfi við hagsmunaaðila og að með reglunum yrði tryggt að höfundar fái þóknun fyrir flutning verka sinna í öllu helgihaldi kirkjunnar og að þóknakerfið hafi verið einfaldað og skýrt betur. Samráðið gefur því ekki tilefni til breytinga á drögunum.